

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 16. apríl 2024  
Tilvísun: 2024040580/PS

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 25. mars 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (þskj. 1247, 830. mál á 154. löggjafarþingi).

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að nýrri 7. gr. a í lögnum þar sem fjallað verði um rafræna vöktun í höfnum. Nánar tiltekið er lagt til að hafnarstjórn verði heimilt að viðhafa slíka vöktun á hafnarsvæði eða taka myndir með reglulegu millibili í öryggisskyni. Henni verði jafnframt heimilt að miðla rafrænt upplýsingum sem þannig er aflað til notenda hafna í rauntíma til að þeir geti fylgst með aðstæðum í höfnum. Þá verði heimilt að miðla upplýsingum rafrænt til vaktstöðvar siglinga vegna verkefna hennar og til lögreglu, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, tollgæslu Skattsins og rannsóknarnefndar samgönguslysa í tengslum við lögbundin verkefni þeirra. Ráðherra skuli með reglugerð mæla fyrir um vinnslu persónuupplýsinga og skilyrði hennar.

Í athugasemdum við umrætt ákvæði í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að undanfarin ár hafi rafræn vöktun tíðkast á hafnarsvæðum, auk þess sem myndefni hafi verið miðlað rafrænt til notenda hafna, m.a. á opnum svæðum á vefsíðum þeirra. Einnig segir meðal annars að persónugreinanlegar upplýsingar geti safnast saman við notkun eftirlitsmyndavéla og hafi þær nýst þegar skipstjórnarmenn hafi ekki tilkynnt brottför úr höfn, en jafnframt geti þær nýst við rannsóknir slysa og á saknæmri háttsemi og mannhvörfum. Af þessum sökum þurfi hafnarstjórnir heimild til að miðla gögnum í rauntíma til almennings, sem og til þeirra opinberu aðila sem ákvæðið tilgreinir. Verði það í valdi hafna að ákveða hvort miðlun fari fram á opnu vefsvæði eða aðgangsstýrðu.

Persónuvernd telur ljóst að nú þegar sé heimild í lögum sem rafræn vöktun á hafnarsvæðum geti stuðst við, þ.e. samkvæmt almennum reglum um slíka vöktun í 14. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt getur vinnsla persónuupplýsinga vegna vöktunarinnar fallið undir heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem telst nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna sem veða þyngra en hagsmunir eða grundvallarréttindi hins skráða, sbr. 6. tölul. 9. gr. laganna og f-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að auki getur umrædd vinnsla átt undir 3. og 5. tölul. sömu greinar laganna og c- og e-liði sömu málsgreinar reglugerðarinnar, en þar er meðal annars heimiluð sú vinnsla persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila eða við beitingu opinbers valds sem hann fer með. Enn fremur geta 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna og f-liður 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar átt við að því marki sem um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.e.



um heimild til vinnslu slíkra upplýsinga sem nauðsynleg er til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Þá er í 12. gr. laganna mælt sérstaklega fyrir um heimild til vinnslu upplýsinga um refsiverða háttsemi sem nauðsynleg er vegna tiltekinna þarfa og gæti sú heimild átt við í tengslum við rafræna vöktun á hafnarsvæðum.

Eftir atvikum kann vöktun á tilteknum svæðum að kalla á sérstakar heimildir vegna rafrænnar vöktunar sem fara út fyrir þann almenna ramma sem markaður er í persónuverndarlöggjöfni, sbr. áður nefnt ákvæði 14. gr. laga nr. 90/2018 og reglur Persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun, sbr. 5. mgr. sömu greinar laganna. Þegar svo háttar til getur reynst nauðsynlegt að um vöktunina sé fjallað í sérhöggjöf, sbr. m.a. 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018 og g-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, þar sem gert er ráð fyrir setningu slíkrar löggjafar um vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd vill af þessu tilefni áréttta mikilvægi þess að lög, sem veita heimildir til rafrænnar vöktunar og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við hana, séu skýr. Í því sambandi vekur athygli það misræmi sem er á milli annars vegar fyrrnefndrar tillögu frumvarpsins að nýrri 7. gr. a í lögum nr. 61/2003 og hins vegar athugasemda við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu. Nánar tiltekið er í frumvarpinu fjallað um rafræna miðlun upplýsinga til notenda hafna en í frumvarpsathugasemdum til almennings. Ljóst má telja að orðalagið notendur hafna getur varla náð til alls almennings heldur aðeins þeirra sem með einhverjum hætti nýta þá þjónustu sem þar er veitt. Þá verður ekki séð af orðalagi frumvarpsákvæðisins að því sé ætlað að leyfa birtingu vöktunarefnis á opnum vefjum, ólíkt því sem frumvarpsathugasemdirnar gera ráð fyrir.

Að framangreindu virtu telur Persónuvernd þörf á að farið verði sérstaklega yfir hvaða tilteknu heimildir séu nauðsynlegar til rafrænnar vöktunar á hafnarsvæðum og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við hana. Einnig telur Persónuvernd að eftir atvikum kunni að reynast nauðsynlegt að gera breytingar á umræddu frumvarpsákvæði, allt eftir því sem niðurstöður yfirferðarinnar leiða í ljós. Þá er sérstaklega lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs við lögfestingu heimilda eins og hér um ræðir.

Að öðru leyti telur Persónuvernd frumvarpið ekki gefa tilefni til athugasemda.

F.h. Persónuverndar,

Þórdur Sveinsson